

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 — 1982

4. október 1982.

1117

Nr. 598.

REGLUGERÐ

um stofnun í erlendum tungumálum við heimspekideild Háskóla Íslands

1. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands starfar stofnun í erlendum tungumálum samkvæmt 2. mgr., 9. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands og er hún vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) Að vera vettvangur rannsókna í hagnýtum málvísindum og kennslufræði erlendra tungumála, og að fást við hver önnur þau verkefni, er stuðlað geta að því að efla tungumálakennslu innan háskólans og utan.
- b) Að vera vettvangur rannsókna í erlendum tungumálum, sem kennd eru við Háskóla Íslands.
- c) Að annast rannsóknir í bókmenntum á viðkomandi málum.
- d) Að annast útgáfu ritverka á fræðasviði sínu samkvæmt nánari ákvörðun.
- e) Að gangast fyrir öflun og miðlun upplýsinga um erlend tungumál og tungumálakennslu, t. d. með ráðstefnum, fræðslufundum, námskeiðum og fyrirlestrum, og með tengslum við erlendar stofnanir.
- f) Að annast rekstur á æfingastofu(m) heimspekideildar í erlendum tungumálum og skipuleggja nýtingu hennar (þeirra).
- g) Að vera til ráðuneytis um kennslu, námsefni og próf í erlendum tungumálum í skólum landsins, svo og um æfingakennslu stúdenta í erlendum tungumálum og um námsdvöl þeirra við erlenda háskóla, í samvinnu við aðra aðila, sem hlut eiga að máli, og að fást við hvað annað, er gildi getur haft fyrir tungumálakennslu í skólum landsins.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum. Heimspekideild kýs tvo þeirra til þriggja ára úr hópi fastra háskólakennara í erlendum tungumálum. Deildin kýs einn þeirra formann og skal hann jafnframt vera forstöðumaður. Stúdentar sem hafa erlent tungumál að aðalgrein til B.A.- eða cand. mag.-prófs kjósa einn stjórnarmann úr hópi sínum til eins árs í senn að tilhlutan félags stúdenta í heimspekideild, á meðan ekki er til sérstakt félag stúdenta í erlendum tungumálum við deildina.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar, sbr. 4. gr., og gengur frá rekstraráætlun og tillögum til deildar um fjárveitingar til stofnunarinnar. Stjórnin hefur umsjón með rannsóknum og öðrum verkefnum stofnunarinnar, sbr. 2. gr., og fjallar um önnur mál, er varða starfsemi hennar, sbr. 6. gr.

Stjórnin skal halda minnst tvo fundi á ári með starfsliði stofnunarinnar, annan fyrir lok febrúar og hinn fyrir lok októbermánaðar, til að ræða málefni stofnunarinnar. Fundir þessir nefnast misserisfundir. Þeir hafa ekki ákvörðunarvald en geta samþykkt tillögur til stjórnar stofnunarinnar eða heimspekideildar.

